

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um afplánun.

Frá Þorsteini Magnússyni.

1. Hversu hátt hlutfall þeirra fanga sem nú sitja í fangelsum eru að afplána skemmri refsingu en 12 mánuði óskilorðsbundið?
2. Kemur til greina af hálfu ráðherra að beita sér fyrir lagabreytingum sem feli í sér auknar heimildir til handa Fangelsismálastofnun til að leyfa þeim sem hlotið hafa refsidóma að afplána þá undir rafrænu eftirliti í stað fangelsis, t.d. þeim sem dæmdir hafa verið til skemmri fangelsisvistar en 12 mánaða óskilorðsbundið?

Skriflegt svar óskast.